

Alþingi
Erindi nr. P 139/2920
komudagur 21.6.2011



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
B.t. Nefndarsviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. júní 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun framleiðslustefnu í lífrænum landbúnaði, 307. mál.

Samtök lífrænna neytenda (SLN) þakka Sjávarútvegs- og Landbúnaðarnefnd Alþingis fyrir að leita eftir umsögn samtakanna varðandi *tillögu til þingsályktunar um mótun framleiðslustefnu í lífrænum landbúnaði, 307. mál.*

SLN fagna því að þingsályktunartillagan sé tekin til umræðu og lýsa yfir eindregnum stuðningi við hana. Markmiðið sem þar er sett fram er metnaðarfullt en jafnframt raunhæft.

Í greinagerðinni koma fram margvísleg rök fyrir því að efla lífræna ræktun og framleiðslu. SLN leggja mikla áherslu á að neytendur hafi möguleika á að kaupa innlendar lífrænt vottaðar vörur eins og neytendur í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Í dag hafa íslenskir neytendur því miður ekkert val þegar kemur að innlendum búfjárafurðum, þá helst eggjum, alifugla- og svínakjöti. Framboðið og úrvalið af lífrænu lamba- og nautakjöti, mjólk og mjólkurafurðum er einnig afar takmarkað. Ef neytendur vilja auka neyslu sína á lífrænt vottuðum vörum þurfa þeir að auka neyslu á innfluttum vörum og sneiða hjá flestum dýraafurðum því ekki er hægt að nálgast innfluttar lífrænt vottaðar dýraafurðir. Það eru öfugmæli og í andstöðu við lífræna hugmyndafræði sem gengur meðal annars út á að kaupa staðbundnar vörur til að draga úr umhverfisáhrifum. Þar sem; 1) áhugi og eftirspurn eftir lífrænt vottuðum vörum fer hratt vaxandi, 2) þær eru framleiddar í sátt við umhverfið og velferð búfjárins haft að leiðarljósi, og 3) afurðirnar almennt heilnæmari og stuðla þannig að bættri lýðheilsu, telja SLN það vera eitt stærsta hagsmunamál neytenda að stjórnvöld móti skýra stefnu um að auka ræktun og framleiðslu á þeim vörum. Í dag er Ísland verulegur eftirbátur Norðurlandþjóðanna því framboð og neysla á lífrænt vottuðum vörum er margfalt meiri í þeim löndum. Ástæðan er sú að stjórnvöld þar hafa hvatt til aukinnar framleiðslu og neyslu með ýmisskonar styrkjum, eflingu rannsókna og útgáfu kynningarefnis fyrir almenning, ásamt því að móta skýra framleiðslustefnu sem er ávallt tengd eða hluti af umhverfisstefnu þjóðarinnar.

SLN eru reiðubúin til að taka þátt í stefnumótandi vinnu þegar kemur að mótun framleiðslustefnu í lífrænum landbúnaði ásamt öðrum hagsmunaaðilum í þessum geira.

Virðingarfyllst,

Oddný A. Björnsdóttir

f.h. Samtaka lífrænna neytenda

Oddný A. Björnsdóttir

Fulltrúi framkvæmdanefndar

lifraen@lifraen.is

www.lifraen.is